

FÓKUS

Faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu

ÁRSSKÝRSLA 2006

Fyrsti ársfundur Fókus var haldinn í Hringsal Barnaspítalans þann 27. október 2005. Fundinn sóttu um 30 manns og í framhaldi af honum var haldinn fræðslufundur um SNOMED kóðunarkerfið sem var einnig vel sóttur.

Í stjórn síðasta starfsár hafa setið:

<i>Formaður</i>	Valgerður Gunnarsdóttir
<i>Ritari og varaformaður</i>	Bjarni Þór Björnsson
<i>Meðstjórnendur</i>	María Heimisdóttir
	Benedikt Benediktsson
	Ásta St. Thoroddsen

<i>Varamenn</i>	Arnheiður Guðmundsdóttir
	Björn Jónsson

Félagsmenn

Við síðustu talningu voru félagsmenn 99 talsins, 53 konur og 46 karlar. Dreifing milli starfsgeira er mjög svipuð og áður.

Stjórn

Stjórn félagsins endurspeglar vel hina dreifðu þekkingu og starfssvið félaganna og hefur ekki breyst frá stofnfundi nema nýir varamenn komu inn á síðasta ársfundi í stað Öddu Birnu Hjálmarsdóttur og Baldurs Johnsen. Það eru þau Arnheiður Guðmundsdóttir kerfisfræðingur og yfirmaður hugbúnaðarþróunar hjá Skýrr og Björn Jónsson sviðsstjóri upplýsingatækisviðs Landspítala háskólasjúkrahúss.

Stjórnarfundir

Alls hafa verið haldnir 7 stjórnarfundir á tímabilinu. Þar hafa verið rædd fjöldamörg mál sem áhugavert væri að fjalla um á fundum eða ráðstefnum. Þar má nefna sem dæmi öryggis- og aðgangsmál sem þarf að ræða út frá mörgum sjónarhornum svo sem siðfræðilegum, tæknilegum, akademískum, heilbrigðislegum o.fl. Einnig Sögukerfið, lyfjagagnagrunnurinn og gagnagrunnar almennt, og svo vistun og umráð yfir sjúkraskrá. Enginn skortur er á spennandi viðfangsefnum til að fræðast um.

Samskipti við félagsmenn

Fréttir af atburðum eru sendir út í tölvupósti og auglýstir á heimasíðu Skýs. Stjórnin hefur rætt að e.t.v. mætti gera Fókus sýnilegri á síðunni og setja inn meira efni um atburði víða um heim sem eru forvitnilegir og við vitum af. Reynt verur að bæta úr þessu í framtíðinni.

ECDL

Stjórn Fókus lýsti á stjórnarfundi sínum 19. sept. yfir stuðningi við það að heilbrigðishluti ECCL (Electronic Computer Driving Licence) yrði þýddur á íslensku og prófaður hér á landi. ECCL nefnist á íslensku TÖK (Tölvuökuskírteinið) og er alþjóðlegt skírteini sem segir til um tölvukunnáttu handhafans. Í undirbúningi hefur verið að setja saman sérstakan heilbrigðishluta fyrir TÖK (e.t.v. H-TÖK) sem væri þá skírteini sem gæfi til kynna færni viðkomandi í meðhöndlun og skráningu heilbrigðisupplýsinga. Ský hefur einkarétt á TÖK prófum á Íslandi og myndu væntanlega hafa það áfram fyrir þennan hluta. Finna þarf aðila innanlands sem gæti sinnt verkefninu, bæði þýðingu og staðfæringu námsefnis og kennslu. Ský myndi svo gefa út þessi skírteini. Heilbrigðisráðuneytið hefur nú málið til skoðunar.

Fundir og ráðstefnur

Fyrsti fundur ársins var haldinn 18. janúar 2005 í fræðslusal Heilsuverndarstöðvarinnar við Barónsstíg. Fjallað var um notkun strikamerkja í heilbrigðisþjónustu og voru fyrirlesarar þeir Niels Chr. Nielsen læknir, aðstoðarmaður lækningaforstjóra Landspítala háskólasjúkrahúss og Sigurður Hjalti Kristjánsson, verkfræðingur hjá Strikamerkjum hf. Á fundinn mættu um 25 manns.

Ráðstefna með heitinu Rafræn sjúkraskrá - til hvers og fyrir hvern? var haldin á Grand hótél þann 23. mars og tóks mjög vel. Á ráðstefnunni var fjallað um rafræna sjúkraskrá frá mörgum sjónarhornum m.a. evrópsku, hagfræðilegu og notendasjónarhorni til þess að varpa ljósi á hve margþætt rafræn sjúkraskrá er og hver þýðing hennar er fyrir heilbrigðiskerfið. Sérstakur gestur ráðstefnunnar var Dr. John Bryden stjórnarmaður í EFMI, Evrópusamtökum um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu. Einnig voru stjórnarmenn Fókus, þau María Heimisdóttir og Benedikt Benediktsson fyrirlesarar ásamt Jónínu Bjartmarz og Davíð Á. Gunnarssyni sem flutti ávarp. Ráðstefnustjóri var Sigurður Guðmundsson landlæknir. Alls sóttu um 80 manns ráðstefnuna.

Fundur um aðferðafræði við vörpun hugtaka yfir í Snomed CT var haldinn miðvikudaginn 17. maí 2006 í Eirbergi. Fyrirlesari var Der Fa Lu sérfræðingur á sviði upplýsingatækni.

Fundurinn var haldinn í samvinnu Fókus og þverfaglegs meistaranáms í upplýsingatækni á heilbrigðissviði við Háskóla Íslands. Mættir voru milli 30-40 manns.

Þann 22. nóv. 2006 var haldin ráðstefnan Rafræn lyfjaumsýsla - til hvers og fyrir hvern? á Grand hótél. Þar var fjallað um rafræna umsýslu lyfja m.a. rafræn lyfjafyrirmæli, gagnsemi og notkun lyfjagagnagrunnsins ásamt því hvernig rafræn lyfjaumsýsla reynist út frá gæðasjónarmiði, öryggi sjúklinga, heilsuhagfræði og frá sjónarhóli stjórnenda og heilbrigðisstarfsmanna. Alls voru 7 fyrirlesarar auk Einars

Magnússonar, skrifstofustjóri á skrifstofu lyfjamála í Heilbrigðis- og tryggingamálráðuneytinu sem flutti ávarp. Ráðstefnustjóri var Guðmundur Einarsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Alls sóttu tæplega 80 manns ráðstefnuna.

Erlend samskipti

Formaður Fókus sat fund fulltrúaráðs EFMI í Maastrich í Hollandi þann 26. ágúst 2006 sem fulltrúi félagsins. Einnig sótti formaðurinn árlega ráðstefnu EFMI sem haldin var í beinu framhaldi af fundinum. Ráðstefnan nefnist Medical Informatics Europe, MIE og er haldin árlega í ágústlok í einhverju Evrópulandi. Þriðja hvert ár er Evrópuráðstefnan haldin í samvinnu við IMIA (International Medical Informatics Association) sem eru alþjóðasamtökin um heilbrigðisupplýsingatækni sem MEDINFO ráðstefna. Næsta slík er 20.-24. ágúst 2007 í Brisbane í Ástralíu. Sjá nánar á www.medinfo2007.org

Næsta vorráðstefna EFMI (Special Topic Conference) verður haldin í Brijuni í Króatíu frá 30. maí til 1. júní 2007, sjá nánar heimasíðuna: www.EFMI.org

Stjórn Fókus hefur með fulltingi stjórnar Skýs sent inn umsókn til að fá að halda vorráðstefnu á vegum EFMI á Íslandi vorið 2010. Slík ráðstefna gæti verið mikil lyftistöng fyrir upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu á Íslandi ef vel tekst til. Hún yrði haldin í tengslum við fulltrúaráðsfund EFMI og auglýst á þeirra vegum í öllum aðildarlöndum. Umsókninni hefur verið vel tekið og er til umfjöllunar í stjórn EFMI.

Lokaorð

Að loknu örðu starfsári Fókus vil ég þakka bæði félagsmönnum og öðrum sem sótt hafa fundi okkar fyrir þátttökuna og stuðninginn og einnig þakka ég stjórn og starfsfólki Skýs fyrir góða samvinnu.

Reykjavík, 12. des. 2006

Valgerður Gunnarsdóttir
formaður Fókus